

Vísbendingar um einelti

Tilfinningalegar

Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
Depurð, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir.

Líkamlegar kvartanir

Ný hegðun svo sem nagar neglur eða stamar.
Líkamlegir áverkar.

Félagslegar

Barnið virðist einangrað og einmana.
Barnið á fáa eða enga vini.
Fær sífellt höfnun þegar það leitar eftir leikfélaga eftir skóla.

Hegðun

Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
Barnið neitar að segja frá hvað amar að því.
Árásargirni og erfið hegðun.
Rifin föt og/eða skemmdar eigur.

Skólinn

Barnið hræðist að fara eitt í og úr skóla.
Leggur fyrr af stað í skólann en venjulega.
Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum.
Hættir að sinna náminu.

Heima

Barnið neitar að fara í skólann.
Einangrar sig frá öðrum fjölskyldumeðlimum.
Biður um auka vasapening.
Týnir peningum og/eða öðrum eigum.
Neitar að leika sér úti eftir skóla.
Leggur önnur börn eða systkini í einelti.
Hættir að spyrja eftir leikfélaga eftir skóla.